



Hugmynd að ráðstefnu á Evrópsku samgönguvíkunni 2018

Hjólum til framtíðar 2018 - undirheitið verður slógó Evrópsku samgönguvíkkunnar 2018

Föstudaginn 21. september 2018 kl. 10 – 16

Í þessu skjali eru hugmyndir að eftirfarandi efnispáttum:

- Samstarfsaðilar
- Markmið
- Hugmyndir að erindum
- Verkáætlun
- Kostnaðaráætlun

Ráðstefnan er 8. ráðstefnan undir heitinu **Hjólum til framtíðar** og hefur ævinlega verið haldin á föstudeginum í Evrópsku samgönguvíkunni. Hún verður haldin af Hjólafærni á Íslandi og Landsamtökum hjólreiðamanna í samvinnu við Seltjarnarnesbæ með ósk um samvinnu við önnur sveitarfélög á Höfuðborgarsvæðinu, Samgöngustofu, Vegagerðina, Eflu, Mannvit, Verkís European Cyclist Federation, Íslenska fjallahjólaklúbbinn, Farfugla á Íslandi, Ferðamálastofu, Umhverfis- og auðlindaráðuneytið og Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið.

Megintilgangurinn með ráðstefnunni 2018 er að horfa til ánægju og öryggis í blandaðri umferð og kynnast snjallheimum hjólreiða á heimsvísu.

Við gerum ráð fyrir að fá 1 erlendn fyrirlesara til landsins sem sannanlega hefur haft mikil áhrif á sitt nærumhverfi og langt út fyrir það – um allan heim eru þéttbýlisyfirvöld að velta því fyrir sér hvernig efla megi lífvæni í borgum og þá er mikilvægt að gera ráð fyrir reiðhjólum til samgangna. Víða hefur tekist afar vel til – t.d. á Höfuðborgarsvæðinu en lengi má gott bæta og við stefnum að því.

Hér eru nokkrar hugmyndir að erindum:

- Hjólreiðar í borgum og loftslagsmál
- Hjólavænar aðgerðir sveitarfélaganna á Höfuðborgarsvæðinu
- Hjólið mitt í snjallheimum; strava og fleiri kostir
- Keppnishjólreiðar á Íslandi
- Umhverfi hjólreiða og umferðarlögin í landinu
- Winter cycling ráðstefnan - kynning



Gera má ráð fyrir 80 gestum auk þess sem ráðstefnan verður send út beint á netinu og upptökur síðan settar á vef Landssamtaka hjólréiðamanna. Ráðstefnan verður á Seltjarnarnesi.

Verkátætlun vegna Hjólum til framtíðar 2018

Tími	Verkbáttur
okt.17	Setja saman dagskrárnefnd, loka 2017 ráðstefnunni. samþykkja fjárhagsáætlun. panta ráðstefnusal.
nóv.17	Kynning til samstarfsaðila
jan.18	Auglýsa eftir erindum
mar.18	Ganga frá samningum við fyrirlesara og ráðstefnuhaldara
apr.18	Kynningaráætlun
ágú.18	Undirbúningur og kynning
sep.18	Kynningar, framkvæmd og uppgjör

Tekjur og gjöld vegna Hjólum til framtíðar 2018 – öryggi og ánægja

Útgjöld		Innkoma	
Upphæð	Kostnaðarbáttur	Upphæð	Innkoma
800.000 ISK	Erlendur fyrirlesari	400.000 ISK	Styrkur Borgarráðs
160.000 ISK	Hátíðarkvöldverður	100.000 ISK	Samgöngustofa
100.000 ISK	ráðstefnugögn og gjafir	500.000 ISK	Ráðuneytisstyrkir
360.000 ISK	Veitingar ráðstefnugesta	100.000 ISK	Ferðamálastofa, útsending
500.000 ISK	verkefnastjórn	400.000 ISK	Minni styrkir, ýmsir
100.000 ISK	Leiga á sal	200.000 ISK	Landssamtök hjólréiðamanna
200.000 ISK	Auglýsingar og kynning	100.000 ISK	Aðgangur
100.000 ISK	Útsending og upptökur	200.000 ISK	Vegagerðin
80.000 ISK	Aðkeypt erindi	400.000 ISK	Seltjarnarnesbær
2.400.000 ISK	Samtals	2.400.000 ISK	Samtals